

Birtist á Pressan.is, 9. september 2010.

Nýtur þjóðin arðsins nú þegar?

Jón Steinsson

Ein helstu rökin fyrir breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru að þjóðin eigi að njóta arðsins af auðlindinni þar sem hún er eigandi auðlindarinnar. En þegar þessi rök eru sett fram heyrast oft eftirfarandi mótrök: Nýtur þjóðin ekki arðsins af auðlindinni nú þegar í gegnum skattkerfið og það að sjávarútvegsfyrirtækin veita fólki atvinnu?

Svarið við þessari spurningu er: Nei.

Í fyrsta lagi, sjávarútvegsfyrirtæki munu veita fólki atvinnu hvort sem auðlindarentan rennur í vasa eigenda útgerðarfyrirtækja eða ríkissjóð.

Í öðru lagi, það er augljóslega ekki jafngilt að eiga hlut og að njóta einungis skatttekna af honum. Í dag á ríkið til dæmis Landsvirkjun. Allur hagnaður af Landsvirkjun rennur því á endanum í ríkissjóð. Hverjum myndi detta í hug að það kæmi eins út fyrir ríkið að gefa fámennum forréttindahópi Landsvirkjun ef hópurinn lofaði bara að greiða tekjuskatt af hagnaðinum í ríkissjóð. Munurinn er augljóslega sá að í dag fær ríkið 100% af hagnaðinum en myndi annars einungis fá 18%.

Það sama á við um sjávarútveginn. Í dag renna 18% af arðinum af bæði kvótanum og eignum útgerðarinnar svo sem skipum og frystihúsum í ríkissjóð. En þar sem þjóðin á auðlindina ætti 100% af arðinum að kvótanum að renna í ríkissjóð og 18% af arðinum af skipum og frystihúsum. Ef útgerðin ætti kvótann þá væri þessu öðru vísi farið og núverandi ástand væri eðlilegt.

RÚV hafði í gær eftir Friðriki Arngrímssyni, framkvæmdastjóra LÍÚ, að það væri markmið útgerðarmanna að greiða sem mest til ríkisins fyrir afnot af auðlindinni. En í sömu frétt er sagt að útvegsmenn segi að ekki komi til greina að greiða hærra verð fyrir afnot af auðlindinni. Með svona málfluttningi er LÍÚ að ala á þeim misskilningi sem fjallað er um hér að ofan.

Einn af mörgum göllum samningaleiðarinnar er að hún er algerlega óútfærð. En ummæli útvegsmanna á RÚV í gær gefa glögga mynd af því hvers konar útfærslu þeir sjá fyrir sér. Þ.e., að samningaleiðin verði notuð til þess að festa núverandi kerfi í sessi. Það má vera að stjórnvöld hafi aðra útfærslu í huga. En þau hafa ekki sett slíka útfærslu fram. Og það er í raun erfitt að ímynda sér að unnt sé að útfæra samningaleiðina á trúverðugan hátt. Þar sem samningaleiðin neyðir ekki útgerðarmenn til þess að bjóða í kvótann (og koma þannig upp um greiðslugetu sína) getur LÍÚ haldið áfram að halda uppi stöðugum grátkór um sligandi auðlindagjald hversu lágt sem gjaldið er.

Eina trúverðuga leiðin til þess að auðlindagjaldið verði jafnt arðinum sem auðlindin skapar er að útgerðinni sé gert að bjóða í veiðiheimildir.

Þess má geta að ólíkt samningaleiðinni hefur tilboðsleiðin verið ýtarlega útfærð eins og sést á eftirfarandi skjölum:

[Leigutilboðsleiðin](#) (glærukynning)

[Grunngerð tilboðsleiðarinnar](#) (glærukynning)

[Ýtarleg umfjöllun um tilboðsleiðina](#) (skýrsla)

(Reyndar má segja að eina útfærsla samningaleiðarinnar sem sett hefur verið fram sé útfærsla LÍÚ. Þ.e., óbreytt kerfi.)